

Stjórnarfundur Leiðsagnar

25. apríl 2022 kl. 16:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri, Harpa Björnsdóttir (HB) ritari,

Á fjarfundi: Sigrún Pálsdóttir (SP) meðstjórnandi og Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) varamaður.

1.	Fundur settur og fundargerð síðasta fundar	Formaður óskar fundarmönnum gleðilegs sumars, setur fundinn og fer yfir dagskrá. Þar sem ekki var vitað með neinum fyrirvara að SP og GME yrðu á fjarfundi fá þær fundargerð síðasta fundar 7.4., sem lögð er fram á fundinum, senda í tölvupósti. Meirihluti stjórnar samþykkir fundargerðina en SP gerir smáorðalagsbreytingu á lið 4 b. um val í kjörnefnd. GME varamaður leggur fram 3 bókanir við fundargerðina, sjá nánar í lið 7). Ritari áskilur sér rétt til athugasemda. (Þessar bókanir og athugasemdir má sjá aftan við fundargerðina frá 7.4.)	U	Friðrik
2.	Ársreikningar undirritaðir	Ársreikningar lagðir fram til undiritunar. Bagalegt að vita ekki af fjarveru SP með fyrirvara þar sem undiritun ársreikninga lá fyrir á þessum fundi, en hún segir sig samþykka þeim og mun undirrita þá þegar hún kemur heim frá Tenerife.	U	Valva
3.	Afmælið 6. júní	Vinna þarf í listanum yfir stofnfélaga og skipuleggja hvernig þeir skulu heiðraðir á afmælisdaginn 6. júní, sem er annar í hvítasunnu. Einnig rætt um að formaður skrifi grein sem reynt yrði að fá birta þessa helgi. Í haust ráðgert að halda haustráðstefnu en beðið með nánara skipulag þar til síðar. Ekki er alveg ljóst hvort Bryndís Kristjánsdóttir getur tekið að sér að stýra útgáfuverkefni.	U	Friðrik Stjórn
4.	Fjárhagsáætlun 2022	Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun 2022. Rætt um einstaka liði og aukin útgjöld vegna kjarasamninga í haust, vinnustaðaeftirlits og lögfræðiaðstoðar vegna kjarabrota, og einnig mun afmælisráðstefnan í haust kosta aukin útgjöld.	U	Valva
5.	Námskeið ríkissáttasemjara	Námskeiðin eru haldin til undirbúnings kjarasamningum, í ár verða þau öll haldin úti á landi í maí. Formaður kjaranefndar er skráður til leiks, stjórn ábyrgist námskeiðisgjald hans og ferðakostnað, líka getur stjórn sótt um í Endurmenntunarsjóð þar sem námskeiðið er á vegum stjórnar og í þágu félagsins.	U Á	Snorri Stjórn
6.	Aðalfundur 2022	Farið yfir öll skipulagsatriði, Drífa Snædal mun ávarpa fundargesti, Magnús M. Norðdahl verður fundarstjóri og Ásgeir Sverrisson fundarritari. Búið er að yfirfara kjörskrá. Fólk á fjarfundi þarf að gefa upp fullt nafn. Rætt um kynningar frambjóðenda, en sumir þeirra hafa sett inn kynningar á félagavefinn og aðrir á facebook. Kosning verður rafræn líkt og síðast og mun Arnar hjá		

		Filmís sjá um kosninguna. Kjósa þarf 2 aðalmenn í stjórn, 6 aðalmenn og 6 varamenn í trúnaðarráð. Ef nýju lögin verða samþykkt þarf að kjósa 1 félagsmann í stjórn Endurmenntunarsjóðs. Tveir eru í framboði til Fagráðs og þarf að kjósa á milli þeirra, sjálfkjörið er í annað.		
7.	Önnur mál	GME sendi í tölvupósti kl. 16:44 bókun sem hún vill leggja fram við fundargerð frá 7.4. Í lok fundar kl. 17:34 leggur hún fram 2 aðrar bókanir við sömu fundargerð. Ritari áskilur sér rétt til athugasemda við allar þessar bókanir. (Þessar bókanir GME og athugasemdir ritara má sjá aftan við fundargerðina frá 7.4.)		
	Fundi slitið 17:50			

Fundargerð staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari